

## SAMÞYKKT

### um hunda- og kattahald í Norðurþingi.

#### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir um hunda- og kattahald (hér eftir nefnt dýrahald) í Norðurþingi sem er á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og sætir þeim takmörkunum sem getið er um í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðir þeir sem um ræðir í samþykkt þessari eru Húsavík, Kópasker, Raufarhöfn og Hrístateigur.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fer með málefni dýrahalds samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Norðurþing fer með framkvæmd samþykktarinnar eins og nánar greinir í umboði heilbrigðisnefndar.

#### 2. gr.

Dýrahald er háð leyfi sveitarstjórnar sem getur veitt lögráða einstaklingum búsettum í sveitarfélaginu, leyfi til dýrahalds að uppfylltum þeim skilyrðum sem samþykkt þessi kveður á um.

Leyfi skv. 1. mgr. er bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það. Leyfið er einnig bundið við það dýr sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni.

#### 3. gr.

Hunda í sveitarfélaginu og ketti í þéttbýli sveitarfélagsins skal skrá á skrifstofu sveitarfélagsins þegar sótt er um leyfi. Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu og spóluormahreinsun dýrsins, sbr. 11. og 14. gr. reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Fær eigandi dýrsins afhenta númeraða plötu sem jafnan skal vera í ól um háls dýrsins. Leyfishafi skal tilkynna um aðsetursskipti, ef dýrið drepst eða er flutt úr sveitarfélaginu. Eigendaskipti skal tilkynna með sama hætti.

#### 4. gr.

Óheimilt er að láta hund eða kött dvelja lengur en í tvo mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir þeim. Þetta ákvæði gildir ekki um ketti í dreifbýli.

#### 5. gr.

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- a. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
- b. Fila Brasileiro.
- c. Toso Inu.
- d. Dogo Argentino.
- e. Blendinga af ofangreindum tegundum.
- f. Blendinga af úlfum og hundum.

#### 6. gr.

Árlega skal sveitarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda og ketti, sem leyfi er veitt fyrir. Sveitarstjórn ákveður upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og auglýst er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjaldið skal greitt árlega með gjalddaga 1. maí. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi. Dragist lengur en tvo mánuði að skrá dýrið, á skrifstofu sveitarfélagsins, skal heimilt að innheimta tvöfalt leyfisgjald. Við greiðslu leyfisgjalds skal ár hvert framvísa vottorði frá dýralækni um að dýrið hafi verið hreinsað af bandormum og spóluormum. Gjald fyrir hreinsun er innifalið í árlegu leyfisgjaldi til sveitarsjóðs.

Sveitarfélagið kaupir ábyrgðartryggingu fyrir alla skráða leyfisskylda hunda og ketti og er iðgjaldið innifalið í árlegu gjaldi leyfishafa til sveitarsjóðs.

Sveitarstjórn getur felld niður leyfisgjald eða ákveðið lægra gjald fyrir nytjahunda, þ.e. hunda sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og minkahunda í eigu samningsbundinna veiðimanna hjá sveitarfélaginu. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjónþaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða leyfisgjald.

Ekki þarf að greiða leyfisgjald af hundum og köttum í dreifbýli. Eigendur hunda og katta skulu greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og lækniáðgerðum hlýst eftir því sem við á. Sömu leiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst, ef hundurinn eða kötturinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður.

#### 7. gr.

Við skráningu skal hunda-/kattaeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með dýr sitt eftir fyrirmælum samþykktar þessarar.

#### 8. gr.

Innan þéttbýlismarka skal hundur aldrei ganga laus heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins. Kettir skulu ekki vera lausir úti við í þéttbýli. Sérstaklega skulu kattaeigendur gæta dýra sinna með tilliti til fuglalífs á varptímanum.

Után þéttbýlismarka er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda.

Hundar í dreifbýli mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

#### 9. gr.

Hundaeigandi skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu eða raski ró manna eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt. Umráðamönnum hunda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn. Eiganda kattar er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Dýraeiganda ber að greiða allt það tjón sem dýr hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið, gerist þess þörf.

#### 10. gr.

Bannað er að fara með hunda á almennar útsamkomur.

#### 11. gr.

Óheimilt er að hleypa hundum og köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar, nema í þeim tilvikum sem tilgreind eru í ákvæði sömu greinar reglugerðarinnar, m.a. um heimildir fatlaðs fólks með hjálparhunda. Einnig er óheimilt að hleypa hundum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Ekki má heldur hleypa dýrum inn í húsnæði vatnsveitna sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn. Ákvæði þessa stafliðar gilda þó ekki um nytjahunda að störfum.

Framangreindir staðir skv. 1. ml. eru m.a. eftirfarandi:

- a. Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir, svo sem lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús, aðgerðastofur og sjúkrahjálfun.
- b. Skólar og leikvellir.
- c. Fangelsi.
- d. Íþróttastöðvar, íþróttahús, baðstaðir og heilsuræktarstöðvar.
- e. Snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og húðflúrstofur.
- f. Samkomustaðir, svo sem kirkjur, leikhús, tónleikasalir, söfn og kvikmyndahús.
- g. Gististaðir í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtana-hald.
- h. Mötuneyti.

- i. Sumarbúðir fyrir börn.
- j. Almenningsamgöngutæki.

Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega er ætluð dýrum.

#### 12. gr.

Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvö dýr af hvorri tegund, þ.e. tvo hunda og tvo ketti, eldri en þriggja mánaða á sama heimili.

#### 13. gr.

Dýraeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum er varða dýrahald, þ. á m. reglum um árlega hreinsun dýra og greiðslu leyfisgjalds, sbr. 6. gr. þessarar samþykktar, svo og fyrir mælum sem heilbrigðisnefnd setur.

#### 14. gr.

Ef sótt er um leyfi til að halda hund eða kött í fjöleignarhúsi gilda ákvæði 33. gr. a.-d. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús. Áður en hundur eða köttur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla skriflegs samþykkis eigenda annarra íbúða í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús og skal það fylgja umsókn. Sé eigandi, eða annar varanlegur íbúi í hans skjóli, blindur eða fatlaður á annan máta þannig að hann þurfi á sérþjálfuðum leiðsögu- eða hjálparhundi að halda er honum heimilt að halda slíkan hund óháð fyrir mælum og takmörkunum laga um fjöleignarhús, sbr. ákvæði 33. gr. d. laganna. Þess skal gætt í hvívetna að hundar og kettir valdi öðrum íbúum hússins ekki ama, ónæði eða óþægindum.

#### 15. gr.

Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir dýrahaldi á lögbýlum, en skylt er að skrá hunda á lögbýlum á skrifstofum Norðurþings. Hundaeiganda eða umráðamanni hunds er skylt að láta ormahreinsa hund sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hundsins. Skylt er að hreinsa alla hunda 4 mánaða og eldri.

Hundar þar sem búfjárhald er stundað og slátrun fer fram skulu ormahreinsaðir að liðinni aðalsláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert.

Nýgotnar tíkur og 3-4 vikna hvolpar skulu spóluormahreinsaðir sérstaklega samkvæmt leiðbeiningum dýralæknis.

#### 16. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til dýrahalds má fjarlægja viðkomandi dýr. Skal dýrinu komið fyrir sé um að ræða minniháttar brot í fyrsta skipti. Handsömun á ómerktu dýri skal auglýsa tryggilega, t.d. í staðarblaði. Eigandi dýrsins skal leysa það út gegn greiðslu handsömunargjalds og alls annars kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, skal viðkomandi leyfi til dýrahalds afturkallað.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, er dýraeftirlitsmanni heimilt að fjarlægja þegar í stað og eftir atvikum aflífa tafarlaust í samráði við dýralækni. Óski hundaeigandi þess er dýraeftirlitsmanni þó heimilt að leita álits sérfróðra aðila, s.s. dýralækna eða hundapjálfa, sem viðurkenndir eru af dýraeftirlitsmanni, áður en ákvörðun um aflífun er tekin. Aðra hunda og ketti er heimilt að afhenda, ef þeirra er vitjað innan 7 daga frá því að dýrið var handsamað enda verði handsömunargjald og annar áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga dýrinu enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja dýrsins geti haft í för með sér. Kostnaður greiðist af eiganda. Sveitarstjórn ákveður upphæð handsömunargjalds í sérstakri gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn er hvenær sem er heimilt að afturkalla leyfi sem var veitt fyrir einstöku dýri eða öll veitt leyfi telji hún þess þörf.

## 17. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði er vísað til XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um að ræða stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skulu sæta málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

## 18. gr.

Norðurþing skal ráða sérstakan dýraeftirlitsmann, dýraeftirlitsmenn eða fela starfsmönnum sveitarfélagsins þetta hlutverk. Dýraeftirlitsmenn starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar og lögregluyfirvalda, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef köttur eða annað gæludýr er að mati eftirlitsmanns hættulegt umhverfi sínu, vörsluaðili dýrsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari, eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða vegna heilbrigðis- og öryggissjónarmiða að leita atbeina lög- reglu við að fjarlægja dýr.

## 19. gr.

Samþykkt þessi sem sett er af sveitarstjórn Norðurþings að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra er hér með staðfest samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 888/2008, um hunda- og kattahald í Norðurþingi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 31. janúar 2019.*

F. h. r.

**Steinunn Elna Eyjólfsdóttir.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*